

# Tvö torg ganga til liðs við MenntaMiðju

Nú í sumar bættust [Heimspekitorg](#) og [UT-Torg](#) í flóru torga sem tengjast MenntaMiðju.

Gengið var frá samkomulagi um samstarf MenntaMiðju og Heimspekitorgs Félags heimspekikennara fyrr í sumar. Á Heimspekitorgi er að finna margvíslegar upplýsingar um heimspekikennslu, verkefnabanka, tilkynningar tengdar starfsemi Félags heimspekikennara og áhugaverða viðburði á vegum félagsins eða sem tengjast heimspekikennslu með einum eða öðrum hætti.



UT-Torg MenntaMiðju var formlega opnað á ráðstefnu Samtaka áhugafólks um skólabróun í dag, 14. ágúst, 2013. UT-Torgi er ætlað að styðja við og tengja saman þau fjölmörgu starfssamfélög sem hafa orðið til með aukinni notkun upplýsingatækni í skólastarfi, fagfélög og fræðasamfélagið.

